

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 24. janúar 2007, kl 18:15.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ólafur Elísson, Þorsteinn Finnbogason, Gunnar Friðfinnsson, Elliði Vignisson, Bjarni B. Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### **1. Skólastarfið, yfirlit og það helsta framundan.**

Skólameistari lagði fram yfirlit þar sem fram kom að vorönn 2007 hófst með kennarafundi og skólasetningu 4. janúar, en þá voru einnig afhentar stundatöflur. Kennsla hófst daginn eftir. Nú eru 257 nemendur skráðir til náms og kennaraliðið er óbreytt. Skólastarfið hefur farið vel af stað. Stjórnendur hafa unnið að samantekt og yfirferð á niðurstöðum úr sjálfsmatsvinnu starfsfólks á haustönn og eiga fund með ráðgjöfum Capacent í byrjun febrúar. Fjórir leiðbeinendur (AG, GE, MM, StJ) fengu inni í fjarnámi í uppeldis og kennslufræði, sem hófst 4. janúar, í KHÍ og munu væntanlega ljúka því á einu ári. Nemendur tóku þátt í “Gettu Betur” spurningakeppni framhaldsskólanna og komust í aðra umferð, þar sem þeir biðu lægri hlut. Rauntölur úr bókhaldi liggja að mestu fyrir og eru nú lagðar fram sem viðbót við rekstraráætlun sem kynnt var á síðasta fundi. Eins og er stefnir í nokkurn halla á rekstri (4,9 milljónir) en eftir er að ganga frá uppgjöri við skólann vegna nemendafjölda og launabóta. Fundarmenn spurðu nánar út í nokkra liði og fram kom að framundan er fundur með ráðuneytismönnum, þar sem endanleg útkoma ársins skýrist væntanlega.

### **2. Starfsáætlun vorannar 2007.**

Starfsáætlun vorannar 2007 lögð fram og spurningum um hana svarað. Gert er ráð fyrir 74 kennsludögum auk skólaslita og 13 dögum í próf og frágang. Opnir dagar og árhátíð verða væntanlega 28. febrúar til og með 2. mars. Páskaleyfi er 31. mars til 10. apríl og próf hefjast 2. maí. Skólaslit verða 19. maí.

### **3. Íþróttakadema, staða mála.**

Áfangaskýrsla um málið unnin af Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands (Hrafn Sævaldsson) hefur verið kynnt ráðuneytinu (Elliði) og fyrstu viðbrögð þess liggja fyrir. Ekki er auðvelt að átta sig á hvað þau viðbrögð þýða í fjármagni. Verið er að afla nánari upplýsinga þar um. Nokkrar umræður urðu um málið og fundarmenn voru sammála um að fyrirliggjandi hugmyndir fela í sér sóknarfæri fyrir skólann og vija að hann láti á þetta reyna. Sérstaklega telur skólanefnd að heimavist auðveldi markaðssetningu á skólanum. Hvatt var til að fara í kynningarmálin af fullum krafti og í samvinnu við fagfólk á því sviði. Þá hefur Vestmannaeyjabær einnig lýst sig reiðubúinn til samstarfs vegna markaðssetningar á íþróttakademíu, sem og á skólanum almennt og hvetur skólanefnd til slíks samstarfs. Sérstaklega var rætt um möguleika á að fá til okkar nýja nemendur frá Hvolsvelli, en við erum í góðu sambandi við skólann þar.

### **4. Önnur mál.**

Farið yfir það helsta af vettvangi nemendafélags og rætt um fréttáflutning af skólastarfinu, forvinnslu fréttu og fleira.

Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 21. febrúar 2007.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:40  
Ólafur H. Sigurjónsson.